

STEFNA HJÚKRUNARFRÆÐIDEILDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS 2006-2011

- Samþykkt á 29. deildarfundum 16. maí 2006 -
- Samþykkt á fundi háskólaráðs 26. júní 2006 -

ÁVARP DEILDARFORSETA

Við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands starfa kennarar sem á margan hátt eru frumkvöðlar í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Starfsemi deildarinnar byggir á langri reynslu og mikilli þekkingu sem miðar að því að veita framúrskarandi menntun. Með því að veita fyrsta flokks kennslu í grunn- og framhaldsnámi sem er í takt við þarfir íslensks samfélags mun hjúkrunarfræðideild halda áfram að mennta hæfa hjúkrunarfræðinga og ljósmæður.

Kennarar deildarinnar hafa forystu um sköpun þekkingar með öflugum rannsóknum og hagnýtingu þeirra, í samvinnu við heilbrigðisstofnanir og almenning. Sú þekking tekur mið af þörfum þjóðfélagsins með það að leiðarljósi að bæta og efla heilsu einstaklinga, fjölskyldna þeirra og hópa í samfélaginu.

Stefna hjúkrunarfræðideildar sem hér er kynnt fyrir árin 2006-2011 hefur verið unnin af öllum kennurum deildarinnar. Henni er ætlað að vera gæðavísir um áherslur í rannsóknum, kennslu, stjórnun og samskiptum innan deildarinnar sem og í samskiptum við íslenskt samfélag og á alþjóðavettvangi. Sett eru fram metnaðarfull markmið sem kalla á einurð, samhug og elju starfsmanna deildarinnar sem og stuðning þjóðfélagsins. Hjúkrunarfræðideild, Háskóli Íslands, stjórnvöld og íslenskt samfélag þurfa að vera samtaka um að framfylgja þeirri stefnu sem hér er lýst. Hjúkrunarfræðideild er tilbúin að leggja sitt af mörkum.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir
Deildarforseti hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands

DEILDIN Í HNOTSKURN

Nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands hófst árið 1973 með stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði, en árið 2000 varð námsbrautin sjálfstæð deild, hjúkrunarfræðideild. Nám í ljósmóðurfræði á háskólastigi hófst við námsbrautina árið 1996, en hafði fram að því verið við Ljósmæðraskóla Íslands. Með því að færa hjúkrunar- og ljósmæðramenntun á háskólastig varð veruleg breyting á námi þessara starfsstétta hér á landi og hefur hjúkrunarfræðideild jafnan verið í fremstu röð hvað varðar grunnmenntun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Vesturlöndum.

Við þróun náms í hjúkrunarfræði hefur verið litið til þess hvernig megi mæta þörfum samfélagsins fyrir vel menntaða hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Námskrárþróun byggist á fjölbreyttum samþykktum og framtíðarspám um heilbrigðisþarfir og þróun heilbrigðisþjónustunnar.

Stjórnun

Við hjúkrunarfræðideild starfa 31 fastráðnir kennarar í 22,64 stöðugildum. Þar af eru 17 kennarar í fullu starfi og 14 í hlutastarfi. Alls starfa við deildina 8 prófessorar, 6 dósentar, 17 lektorar, 13 aðjúnktar og 366 stundakennarar. Á síðastliðnum 5 árum hefur kennsla

stundakennara við deildina numið að meðaltali um 22 stöðugildum. Á skrifstofu hjúkrunarfræðideildar starfa alls sjö manns í 5,9 stöðugildum.

Við deildina hafa verið skilgreind 16 fræðasvið í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði auk fjögurra fræðasviða í grunngreinum. Þau eru: barnahjúkrun, endurhæfingarhjúkrun, fjölskylduhjúkrun, fæðingarhjálp, geðhjúkrun, geðvernd, heimahjúkrun, hjúkrun aðgerðasjúklinga, hjúkrun bráðveikra fullorðinna, hjúkrunarstjórnun, krabbameinshjúkrun, kynheilbrigði, meðgönguvernd, upplýsingatækni í hjúkrun, umönnun í sængurlegu, öldrunarhjúkrun, heilsufélagsfræði, lífeðlisfræði, fósturfræði og næringarfræði. Forstöðumaður er yfir hverju fræðasviði og forvarmenn yfir fræðigreinum. Meginhlutverk forstöðumanna fræðasviða er að hafa forystu um þekkingarsköpun og miðlun þekkingar, tryggja virka rannsóknarstarfsemi á fræðasviðinu, þróa markvissa kennsluhætti og taka þátt í stefnumótun á heilbrigðisstofnunum.

Rannsóknir

Rannsóknastarf við hjúkrunarfræðideild hefur verið fjölbreytt og vaxandi. Á tímabilinu 1999-2004 nam heildarfjöldi rannsóknarstiga á ári hverju við deildina að meðaltali 361 stigum. Í upphafi tímabilsins voru þau 342 en 424 í lok þess. Rannsóknarviðfangsefnið spanna ofangreind fræðasvið og taka þannig til fjölmargra þátta heilbrigðisþjónustunnar.

Með tilkomu meistara- og doktorsnáms er enn frekar stuðlað að rannsóknavirkni við deildina. Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði tók til starfa árið 1997 og er nú starfrækt sameiginlega af deildinni og Landspítala-háskólasjúkrahúsi (LSH). Á vegum Rannsóknastofnunar eru haldnar málstofur, opinber erindi og vinnusmiðjur um margvísleg rannsóknaverkefni. Nýlega hefur verið stofnaður rannsóknasjóður til að efla rannsóknir doktorsnema við deildina.

Kennsla

Í hjúkrunarfræðideild er boðið upp á metnaðarfullt grunn- og framhaldsnám. Grunnám er 120 eininga nám til BS-prófs í hjúkrunarfræði. Embættispróf í ljósmóðurfræði er 60 eininga nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Meistaránám í hjúkrunarfræði er til 60 eininga. Diplómanám á meistarastigi er til 20 eða 30 eininga og doktorsnám er til 90 eininga. Frumkvöðulsstarf var unnið af hálfu kennara deildarinnar við þróun þverfræðilegs náms í upplýsingatækni á heilbrigðissviði (MHI). Auk þess er deildin þátttakandi í uppbyggingu þverfræðilegs náms í lýðheilsufræðum.

FRAMTÍÐARSÝN

Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands sett sér það langtímamarkmið að vera framsækin öflug deild sem stundar hágæða rannsóknir ásamt því að veita framúrskarandi menntun.

Í deildinni verður lögð áhersla á rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði með því að efla hágæða klínískar rannsóknir og með því að efla sértækar meðferðarrannsóknir og rannsóknir á sviði heilsugæslu og forvarna. Styrkhæfum umsóknum í innlenda og erlenda rannsóknarsjóði verður fjölgað verulega. Rannsóknarniðurstöður verða hagnýttar í ríkara mæli, kennarar deildarinnar verða virkir þátttakendur í þverfræðilegum- og alþjóðlegum rannsóknnum og rannsóknarvirkni deildarinnar mun aukast. Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við HÍ og LSH verður miðstöð rannsókna á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði í landinu þar sem forstöðumenn allra fræðasviða leiða samstarf í rannsóknnum og kennslu bæði innanlands og utan.

Kennsla í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði verður í fararbroddi á landsvísu, bæði hvað gæði og nýjungar í grunn- og framhaldsnámi varðar. Öll aðstaða til kennslu, náms og fræðastarfs verður aðlaðandi og það verður eftirsóknarvert að vera nemandi við hjúkrunarfræðideild fyrir bæði kynin, fyrir fólk af erlendum uppruna og fyrir minnihlutahópa. Hjúkrunarfræðideild mun taka afstöðu til Bologna fyrirkomulagsins um uppbyggingu náms við deildina. Stjórnskipulag deildarinnar mun taka breytingum og þannig mun takast að efla gæðaeftirlit og koma á fót öflugri faglegri forystu innan deildarinnar. Árlega verða um 150 nemar í meistaranámi og 10 nemar í doktorsnámi við deildina.

Stjórnun deildarinnar verður framsækin og lýðræðisleg. Dósentum og prófessorum í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði verður fjölgað. Komið verður á markvissri gæðastjórnun á öllum stjórnstigum deildarinnar. Þekking meðal kennara og starfsfólks deildarinnar á rekstri og mannauðsstjórnun mun aukast. Fjárveiting byggir á raunkostnaði. Deildin og þær einingar sem henni tilheyrja verða öflugar og framsæknar þar sem hlutverk og vald deildarforseta, forstöðumanna, deildarráðs og deildarfundar mun styrkjast og aðkoma yfirstjórnar deildarinnar að yfirstjórn HÍ eflist. Húsnæði og öll rannsóknaraðstaða verður til fyrirmyndar og stoðþjónusta innan HÍ sem og innan deildarinnar batnar. Rekstur og stjórnun deildarinnar verður skilvirk, hjúkrunarfræðideild verður eftirsóknarverður vinnustaður þar sem öll fræðasvið verða vel mönnuð.

Samskiptideildarinnar við ytra umhverfi verða öflug, sérstaklega samskipti við LSH, heilsugæsluna og aðrar heilbrigðisstofnanir á landinu. Skýr og uppbyggilegur farvegur þróast þar sem forstöðumenn fræðasviða verða leiðandi um þau samskipti og formlegum tengslum við aðrar háskóladeildir HÍ verður komið á fót. Að auki mun eftirsóknarverðum samstarfssamningum við innlendar og erlendar háskóla- og rannsóknastofnanir fjölga. Kennarar deildarinnar verða vakandi fyrir og hafa frumkvæði að samskiptum við mennta- og heilbrigðisstofnanir, almenning og atvinnulíf. Samstarf við Háskólann á Akureyri verður orðið fastmótað. Öflugt rannsóknarsamstarf verður til staðar bæði innanlands og erlendis.

GILDI DEILDARINNAR

Kennarar hjúkrunarfræðideildar viðhafa *fagleg vinnubrögð*, standa vörð um *akademískt frelsi*, stunda *hágæðarannsóknir*, eru *sjálfstæðir*, *heiðarlegir* og *trúverðugir*, sýna rannsóknarefniviði og þátttakendum *virðingu* og hafa *velferð* þátttakenda ætíð að leiðarljósi. Auk þess leggja kennarar deildarinnar áherslu á að rannsóknarniðurstöður skili sér út í samfélagið í almenningsþágu, einkum með því að hagnýta rannsóknarniðurstöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

Kennarar hjúkrunarfræðideildar hlúa að *proska* einstaklingsins á þann hátt að nemendur tileinki sér *gagnrýna hugsun*, sýni *frumkvæði* í námi, séu *metnaðarfullir*, tileinki sér *fagleg, fræðileg vinnubrögð* og beri *virðingu* og *umhyggju* fyrir skjólstæðingum sínum og umhverfi. Í samstarfi við heilbrigðisstofnanir leitast kennarar deildarinnar við að leggja áherslu á hagnýtingu fræðilegrar þekkingar í klínískum aðstæðum svo unnt verði að tryggja gæði kennslunnar, öryggi og velferð nemenda og skjólstæðinga þeirra. Samþætting fræðilegrar og klínískrar þekkingar styrkir nemendur í að takast á við flókin og krefjandi viðfangsefni. Kennsla í grunn- og framhaldsnámi tekur mið af þörfum íslensks samfélags og hefur velferð þess að leiðarljósi, jafnframt því að taka mið af þróun fræðigreinarinnar og hagnýtingu hennar á alþjóðavettvangi.

Hjúkrunarfræðideild er *lyðræðisleg* og *framsækin* deild sem byggir á öflugri akademískri forystu. Deildin er vel tengd innan og utan HÍ, hefur formlega aðkomu að stjórn háskólans, er með skilgreinda ábyrgð og leiðir eigin fagmenntun. Deildin viðhefur nútímalega og metnaðarfulla stjórnunarhætti sem byggir á gæðavísunum og gæðaeftirliti. Kjörin forysta deildarinnar nýtur trausts, er víðsýn, skapar eftirsóknarvert starfsumhverfi og hlúir að hlutverki deildarinnar sem leiðtoga í þekkingarsköpun og hagnýtingu hennar.

Hjúkrunarfræðideild er *traust menntastofnun* sem er í *forystu* í grunn- og framhaldsmenntun og í rannsóknum í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Hjúkrunarfræðideild hefur alla burði, metnað og faglega færni til að vera í fararbroddi um nýjungar og gæði náms á landsvísu. Nám við deildina er aðgengilegt öllum landsmönnum (s.s. með fjarkennslu) þar sem sérstök áhersla hefur verið lög á samvinnu og samráð við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir, atvinnulíf og félagasamtök. Innan deildarinnar er lögð áhersla á frumkvæði í þróun nýrra námsleiða í framhaldsnámi í samvinnu við heilbrigðisstofnanir með það að leiðarljósi að koma til móts við þarfir samfélagsins. Deildin hefur skapað sér jákvæða ímynd, gott orðspor og virðingu innanlands og í nágrannalöndum okkar sem byggist að stærstum hluta á háu menntunarstigi kennara, fjölbættri rannsóknarvirkni, framsæknum hugmyndum, áræðni og þrautseigju kennara og starfsfólks deildarinnar.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2006-2011

Til að ná því langtíamarkmiði Háskóla Íslands að verða meðal 100 bestu háskóla heims hefur hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands sett sér það markmið fram til ársins 2011 að vera framsækin öflug deild sem stundar hágæða rannsóknir og veitir framúrskarandi menntun.

1. AÐALMARKMIÐ: HÁGÆÐA RANNSÓKNIR

Hjúkrunarfræðideild ætlar að efla hágæða rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði sem standast alþjóðleg viðmið. Til þess þarf að stórefla aðstöðu kennara til rannsókna, styrkja doktorsnám og auka samstarf við valda háskóla, rannsóknastofnanir og heilbrigðisstofnanir.

Í þessu skyni mun hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands:

Auka rannsóknarvirkni og gæði rannsókna – fjölga birtingum greina í virtum ritrýndum tímaritum

- Frá árinu 2007 munu fastráðnir kennarar í fullu starfi birta að meðaltali eina til tvær ritrýndar greinar í virtum erlendum tímaritum.
- Frá árinu 2007 mun Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði veita öflugan stuðning við rannsóknir og birtingar kennara.
- Fyrir lok árs 2006 verði boðið upp á úrræði um ýmsa sérfræðipjónustu í greiningu og framsetningu gagna og við yfirlestur handrita á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði.
- Fyrir lok árs 2007 verði boðið upp á frekari aðstoð við undirbúning málstofa og ráðstefna á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði.
- Innan Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði verði fyrir hendi aðstaða til rannsókna frá og með árinu 2007.

- Boðið verði upp á einstaklingsþjónustu um birtingar á rannsóknarniðurstöðum frá árinu 2007.
- Vettvangur og miðlun rannsóknasamstarfs verði eflað í umsjón Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði.
- Tekin verði afstaða til sviðsskiptingar rannsóknastofnunar á árinu 2007.

Auka sókn í rannsóknasjóði

- Frá árinu 2008 leggur hver fastráðinn kennari árlega inn umsókn(ir) í rannsóknasjóði.
- Komið verði á markvissum stuðningi af hálfu Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við styrkumsóknir kennara í rannsóknasjóði. Stuðningurinn felst m.a. í sérfræðiráðgjöf í aðferðafræði, framsetningu umsókna og gagnaöflun vegna umsókna.
- Að tekjur úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum hafi aukist um 80% árið 2011.

Fimmfalda fjölda doktorsnema í deildinni

- Doktorsnemendur í deildinni verði 10 í ársbyrjun 2011.
- Hver dósent og prófessor í hjúkrunarfræðideild hafi að jafnaði einn doktorsnema hverju sinni.
- Árið 2011 hafi hjúkrunarfræðideild brautskráð a.m.k. fimm doktora.
- Höfuðstóll Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur, sem hefur það hlutverk að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmæður í doktorsnámi, verði a.m.k. 10 milljónir árið 2010 og að það ár hefjist úthlutun úr sjóðnum.

Tvöfalda fjölda meðferðarrannsókna til ársins 2011

- Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði standi fyrir málþingi og seminörum um meðferðarrannsóknir á árunum 2007-2008.
- Erlendur sérfræðingur í meðferðarrannsóknum verði fenginn til ráðgjafar haustið 2007.

Koma á formlegu samstarfi við rannsóknastofnanir og heilbrigðisstofnanir á sem flestum fræðasviðum

- Rannsóknasamstarf við LSH verði styrkt á árinu 2006.
- Rannsóknasamstarf við heilsugæsluna í landinu verði eflað árið 2007.
- Árið 2011 verði formlegt rannsóknasamstarf við rannsóknastofnun og/eða heilbrigðisstofnun á öllum fræðasviðum hjúkrunar.
- Skapað verði fyrir árslok 2007 öflugt tengslanet við samstarfs- og hagsmunaaðila á fjölbreyttum sviðum þar sem beitt er nútímalegum aðferðum við markaðs- og kynningamál.

Auka alþjóðlegt rannsóknasamstarf

- Árið 2011 verði a.m.k. helmingur kennara þátttakendur í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum.
- Árið 2007 verði undirritaður samstarfssamningur um rannsóknir við hjúkrunarfræðideild University of Minnesota í Minneapolis.
- Á árunum 2007-2009 hafi Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði frumkvæði að rannsóknasamstarfi við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildir í Norrænum og evrópskum háskólum sem hafa sýnt afburða árangur í rannsóknum.

Auka þverfræðilegar rannsóknir

- Árið 2011 verði hvert fræðasvið hjúkrunarfræðideildar þátttakandi í a.m.k. einni þverfræðilegri rannsókn.
- Árið 2011 muni a.m.k. þriðjungur kennara taka þátt í þverfræðilegum rannsóknum.

2. AÐALMARKMIÐ: FRAMÚRSKARANDI MENNTUN SEM MÆTIR ÞÖRF SAMFÉLAGSINS FYRIR HJÚKRUNARFRÆÐINGA OG LJÓSMÆÐUR

Framúrskarandi kennsla og góðar aðstæður til náms eru grundvallarþættir í góðu háskólastarfi. Í hjúkrunarfræðideild eru gerðar miklar kröfur um árangur og gæði í námi og kennslu. Til að hjúkrunarfræðideild nái því markmiði sem Háskóli Íslands hefur sett sér um menntun á heimsmælikvarða er nauðsynlegt að skapa betri aðstæður fyrir kennara og nemendur. Auk þess að vinna að hinu sameiginlega markmiði Háskóla Íslands hefur hjúkrunarfræðideild einnig sett sér að mæta þörf alls samfélagsins fyrir vel menntaða hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Því er mikilvægt að taka mið af íslenskum aðstæðum, s.s. smæð samfélagsins, ólíkum aðstæðum til að veita heilbrigðisþjónustu eftir landsvæðum og hinum sérstöku umhverfisskilyrðum sem einkenna þjóðir á norðurslóðum.

Í þessu skyni mun hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands:

Fjölga nemendum sem ljúka hjúkrunarfræðinámi

- 120 klínísk námspláss á ári verði tryggð, innan fimm ára.
- Staða deildarinnar verði á árinu 2006 kynnt fyrir stjórnvöldum og þau fengin til liðs við fjölgun nemenda.
- Að námið verði á árinu 2007 flokkað í reikniflokk sem er ígildi sjötta reikniflokks.
- Fastráðnum kennurum við deildina verði fjölgað til samræmis við aukið umfang starfseminnar fyrir árið 2008.
- Aðlögun náms í hjúkrunarfræðideild að Bologna ferlinu verði könnuð á árinu 2006.
- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga verði fengið á árunum 2006-2007 til samstarfs um eflingu aðstæðna til hjúkrunarfræðináms og kynningu á náminu.
- Hjúkrunarráð LSH og heilsugæslan verði á árunum 2006-2007 fengin til samstarfs um eflingu aðstæðna til hjúkrunarfræðináms og kynningu á náminu.

Ráða hæfustu kennarana

- Gerð verði áætlun um fjölgun á stöðum kennara sem liggi fyrir í lok desember 2006 og leitað leiða til að fjármagna þær m.a. í gegnum fyrirtæki og opinberar stofnanir.
- Starfsaðstaða kennara verði bætt, m.a. með aukinni stoðþjónustu á árinu 2007.
- Möguleikar til að auka sveigjanleika í starfskyldum kennara verði endurskoðaðir á árinu 2007.
- Auglýsingar um kennarastöður verði birtar á alþjóðlegum vettvangi.
- Markvisst verði leitað að efnilegu akademísku starfsfólki í því skyni að efla kennslu og rannsóknir við deildina.
- Nýjum kennurum verði auðveldað að byggja upp rannsóknaraðstöðu.
- Kjör stundakennara verði bætt.

Styrkja kennslu í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði sem starfsmiðaðar fræðigreinar

- Aukin áhersla verði lögð á samþættingu fræðilegrar og klínískrar kennslu frá og með árinu 2007 m.a. með því að efla lausnamiðað nám, kennslu á klínískum vettvangi og loks með því að auka áherslu á að nemendur þrói og prófi meðferðir og annars konar inngríp sem byggjast á fræðilegum forsendum, einkum klínískum leiðbeiningum.
- Aukin áhersla verði lögð á að miðla hagnýtri þekkingu og beitingu hennar í klínísku námi frá og með árinu 2007.
- Að unnið verði á árinu 2006 með viðeigandi aðilum að því að endurskoða námið þannig að það mæti þörfum samfélagsins sem best. Jafnframt skal gerð hámarkskrafa um gæði kennslu og framlag nemenda.
- Haustið 2007 verði tryggðar góðar aðstæður til fjarnáms.
- Aðgerðaáætlun varðandi hvernig tryggja megi eðlilega námsframvindu nemenda verði lögð fram á árinu 2007.

Laða að nemendur með bestu námshæfileika og breiðan bakgrunn til að mæta þörfum samfélagsins fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður með ólíka styrkleika

- Leitað verði leiða til að umbuna afburðarnámsmönnum árið 2006.
- Áhersla verði lögð á að höfða til fjölbreyttra hópa fólks í kynningu á hjúkrunarfræðinámi á árinu 2007.
- Unnið verði á árinu 2007 með námsráðgjöfum að ímyndamótun varðandi hjúkrunarfræðinámi, m.a. með öflugri kynningu á náminu í framhaldsskólum.
- Nemendahópurinn endurspeglir fjölbreytni samfélagsins á hverjum tíma.
- Karlar verði a.m.k. 10% af nemendahópnum árið 2011.
- Að menntun mæti þörf fyrir sérhæfða hjúkrunarþjónustu með námsframboðum á öllum sérsviðum.

Auka fjölbreytni í klínísku námi og fjölga námstækifærum

- Á árinu 2007 fái nemendur tækifæri til hjúkrunarfræðináms við fjölbreyttar aðstæður eins og á göngudeildum, sjúkrahótelum og heilbrigðisstofnunum víða um land (gera þarf formlegt samkomulag við þessa aðila um kennslu).
- Frá og með árinu 2008 verði nemendur hvattir til að setja fram óskir um námstækifæri innan lands og erlendis sem tekið verður tillit til eftir því sem kostur er.
- Aðstaða nemenda til að stunda nám erlendis verði bætt á árunum 2008-2010.

Efla tengsl fræða og starfs

- Kennarar deildarinnar verði í beinum tengslum við klínískan vettvang, m.a. með samhliða og tengdum störfum fyrir árslok 2008.
- Ráða sérfræðinga í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði við hjúkrunarfræðideild fyrir árslok 2008.
- Leiðbeinendur nemenda á heilbrigðisstofnunum taki mun virkari þátt í að tengja fræðin við klíníska starfsemi á árinu 2007.
- Frá og með árinu 2007 verður aukin áhersla lögð á að nemendur vinni lokaverkefni sem tengja saman fræðileg og klínísk viðfangsefni.
- Að klínískt nám verði viðurkennt sem þáttur í starfsemi heilbrigðisstofnana fyrir lok árs 2007.

Auka námsframboð í framhaldsnámi á öllum sérsviðum hjúkrunar- og ljósmóðurfræði

- Boðið verði upp á sérhæfð námskeið á þremur sérsviðum á tveggja ára fresti.
- Greind verði þörf fyrir sérfræðiþekkingu á sviði hjúkrunar í samstarfi við LSH, heilsugæsluna og aðrar heilbrigðisstofnanir með reglubundnum hætti.
- Klínískur þáttur í sérfræðinámi hjúkrunarfræðinga verði stórefldur í samstarfi við heilbrigðisstofnanir – stofnaður verði stýrihópur um fyrirkomulag þess sem skili niðurstöðu við lok skólaársins 2006-2007.
- Unnið verði með viðeigandi aðilum að mati á ávinningi þess að meistaraþráða verði forsenda hjúkrunarleyfis. Niðurstaða liggi fyrir við lok skólaársins 2006-2007.

Stórefla doktorsnám

- Árið 2011 verði 10 nemendur í fullu doktorsnámi við hjúkrunarfræðideild.
- Gerð verði áætlun um uppbyggingu doktorsnáms við deildina sem liggi fyrir í desember 2006. Í henni kemur fram námkvæm lýsing á rannsóknarsviðum væntanlegra leiðbeinenda og greining á nauðsynlegri aðstöðu.
- Skipulagðar verði kynningar innanlands og erlendis á þeim tækifærum sem felast í doktorsnámi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.
- Hjúkrunarfræðingum verði gert kleift að stunda launað doktorsnám.

Skapa námsumhverfi sem hvetur til fræðilegra vinnubragða og gagnrýnnar hugsunar

- Aðstæður til kennslu, s.s. fyrirlestrasalir, vinna við tölvur og málstofuherbergi, verði ávallt í takt við það besta sem þekkest í samanburðarháskólum.
- Fyrirkomulag kennslu verði endurskoðað með hliðsjón af óskum nemenda (fyrirlestrar, kennsla í minni hópum, verkefnavinna o.s.frv.) og sett fram tillaga við lok skólaársins 2006-2007 að nýju fyrirkomulagi sem er í takt við aðstæður í nútímasamfélagi.
- Aðgangur nemenda að rafrænum tímaritum í áskrift á Bókasafni LSH verði tryggður eigi síðar en í lok árs 2006.

3. AÐALMARKMIÐ: ÖFLUG FRAMSÆKIN DEILD ÞAR SEM VIÐHÖFÐ ER LÝÐRÆÐISLEG STJÓRNUN

Hjúkrunarfræðideild er framsækinn og lýðræðisleg deild á vettvangi hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Stjórn deildarinnar styður við og stuðlar að gæðum í námi á öllum námsstigum, framsækinni menntun, öflugum rannsóknum, viðurkenndum kennsluáðferðum og skilvirkri upplýsingaveitu. Stjórn deildarinnar þarf sérstaklega að hlúa að samskiptum við aðrar mennta-, heilbrigðis- og rannsóknastofnanir með því að koma á markvissri gæðastjórnun, fjölga fastráðnum kennurum, efla stoðþjónustu og koma á nútímalegum stjórnunarháttum sem byggja á stefnumótandi ákvarðanatöku.

Í þessu skyni mun hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands:

Endurskoða stjórnskipulag deildarinnar

- Deildarforseti, deildarráð og formaður námsnefndar í ljósmóðurfræði vinni að aðgerðaáætlun um fýsileika skoraskiptingar deildar fyrir árið 2008.
- Deildarforseti, deildarráð og fjármálanefnd hjúkrunarfræðideildar geri áætlun um aukna stoðþjónustu fyrir árslok 2007.

Auka þekkingu á rekstri og mannauðsstjórnun

- Deildarforseti og deildarráð undirbúi aðgerðaáætlun um að auka þekkingu á rekstri og mannauðsstjórnun fyrir árslok 2007.

Auka stoðþjónustu og fjölga dósentum og prófessorum

- Deildarforseti og deildarráð undirbúi aðgerðaáætlun um að leita nýrra leiða til að auka stoðþjónustu fyrir árslok 2007.
- Deildarforseti, deildarráð og deildarfundur vinni sameiginlega að því að fjölga dósentum og prófessorum bæði með framgangi og nýráðningum.
- Deildin taki upp umræðu á deildarfundum árlega um framgangsmál og stöðuveitingar auk þess sem deildarforseti fylgir framgangi eftir með starfsmannasamtölum. Verkinu verði lokið fyrir árslok 2007.

Sjá til þess að fjárveitingar byggi á raunkostnaði

- Deildarforseti, deildarráð og fjármálanefnd undirbúi aðgerðaáætlun til að leita leiða til að fjárveiting byggi á raunkostnaði fyrir árslok 2007.

Koma á skilvirkum stjórnunarháttum og markvissri gæðastjórnun

- Deildarforseti og deildarráð undirbúi aðgerðaáætlun um að leita leiða til að viðhafa skilvirkari stjórnunarhætti fyrir árslok 2007.
- Deildarforseti í samvinnu við deildarráð, formenn nefnda og skrifstofu- og rekstrarstjóra undirbúi aðgerðaáætlun til að koma á markvissri gæðastjórnun í deildinni á öllum stjórnstigum fyrir árslok 2007.

Efla markaðs- og kynningarmál

- Frá og með haustinu 2006 verði heimasíða deildarinnar aðgengileg á íslensku og ensku og ætíð með nýjustu upplýsingar.
- Áætlun verði gerð um kynningu á námi í hjúkrunarfræðideild sem áhugaverðum möguleika fyrir fólk af báðum kynjum.

FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI

Deildarforseti ásamt deildarráði ber ábyrgð á því að þeirri stefnu sem hér hefur verið lýst verði framfylgt og mun gera deildarfundum og rektor reglulega grein fyrir gangi mála.

Ábyrgð á framkvæmd stefnunnar bera deildarforseti, deildarráð, deildarfundur, formaður rannsóknanámsnefndar, forstöðumenn fræðasviða, forstöðumaður Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði og skrifstofu- og rekstrarstjóri, hver á sínum vettvangi.

Útbúin verður sérstök framkvæmdaáætlun hjúkrunarfræðideildar sem miðar að því að stefna deildarinnar verður uppfærð árlega og endurskoðuð eftir því sem þörf er á. Deildarforseti mun skipa nefnd sem fylgir eftir markmiðum stefnunnar og útfærir eftir því sem við á. Nefndin vinnur náið með deildarforseta, gerir athugasemdir við framgang einstakra stefnumála og gerir tillögur um næstu skref.

Deildarforseti fer reglubundið yfir markmiðasetningu deildar með deildarráði og deildarfundi.
Framvinda markmiða og aðgerða verður kynnt reglulega.